

Ferðablað 2008 um Strandir og Reykhólasveit

Skrifað af

Þriðjudagur, 29. Apríl 2008 07:10

Ferðablaðið fyrir sumarið 2008, Á ferð um Strandir og Reykhólasveit kom út á Sumardaginn fyrsta. Það er Arnkátla 2008 sem stendur fyrir útgáfunni í samstarfi við Markaðsstofu Vestfjarða. Ferðablaðið sem er tólf blaðsíður er prentað í 20 þúsund eintökum verður dreift á upplýsingamiðstöðvar um allt land. Einnig mun það liggja frammi á öllum viðkomustöðum ferðamanna á svæðinu. Í ferðablaðinu er hægt að kynna því helsta sem er að gerast í ferðapjónustu á Ströndum og í Reykhólasveit. Blaðið er einnig hægt að nálgast í tölvutæku formi með því að [smella hér](#).